

Tillögur stjórnar Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks bs. að breytingum á samþykktum,

samþykktar á stjórnarfundi þann 20. júní 2022:

Stjórn Byggðasamlags Vestfjarðar um málefni fatlaðs fólks leggur til við aðalfund að gerðar verði eftirfarandi breytingar á samþykktum félagsins:

1. Að 5. grein, sem er svohljóðandi:

„Stjórn byggðasamlagsins skal skipuð af fimm aðalfulltrúum og fimm til vara. Einn stjórnarmaður skal koma af hverju félagsþjónustusvæði og einn úr stjórn Fjórðungsambands Vestfirðinga. Kosning til stjórnar fer fram á aðalfundi byggðasamlagsins. Við val á fulltrúum í stjórn byggðasamlagsins skal leitast við að hafa sem jafnasta stöðu kynja í samræmi við 15. gr. laga nr. 10/2008. Kjörtímabil stjórnar skal vera tvö ár í senn og miðast við aðalfund byggðasamlagsins. Kjörgengnir til setu í stjórn byggðasamlagsins eru framkvæmdastjórar og kjörnir fulltrúar til sveitarstjórna í aðildarsveitarfélögum. Stjórn skiptir sjálf með sér verkum“.

breytist þannig (breytingar/viðbætur eru skáletraðar):

„Stjórn byggðasamlagsins skal skipuð af fimm aðalfulltrúum og fimm til vara. Einn stjórnarmaður skal koma af hverju félagsþjónustusvæði og einn úr stjórn Fjórðungsambands Vestfirðinga. Hið sama skal gilda um varamenn. Skipun stjórnar skal staðfest á aðalfundi byggðasamlagsins. Við val á fulltrúum í stjórn byggðasamlagsins skal leitast við að hafa sem jafnasta stöðu kynja í samræmi við 15. gr. laga nr. 10/2008. Kjörtímabil stjórnar skal vera tvö ár í senn og miðast við aðalfund byggðasamlagsins. Kjörgengnir til setu í stjórn byggðasamlagsins eru framkvæmdastjórar og kjörnir fulltrúar til sveitarstjórna í aðildarsveitarfélögum. Stjórn skiptir sjálf með sér verkum. Verði breytingar á högum stjórnarmanns eða varamanns, þannig að hann lætur af störfum sínum fyrir það sveitarfélag sem hann starfar fyrir eða missir kjörgengi sitt í sveitarfélaginu, skal það félagsþjónustusvæði sem hann er fulltrúi fyrir skipa nýjan fulltrúa í hans stað og upplýsa sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga BsVest um breytinguna“.

2. Að á undan fyrstu málsgrein 6. greinar komi eftirfarandi málsgrein um boðun stjórnarfunda:

„Til stjórnarfunda skal boðað með minnst tveggja sólarhringa fyrirvara með dagskrá. Sé aðalfulltrúi forfallaður skal varafulltrúi skipaður af sama aðila boðaður til fundarins í hans stað“.

3. Að í stað „fjögurra vikna fyrirvara“ í 2. mgr. 10. greinar komi „15 daga fyrirvara“.

4. Að setningarhlutinn „...og gerir tillögu að skipan stjórnar“ í lok 2. mgr. 11. greinar falli út og að eftir standi „Kjörnefndin sker úr um kjörgengi fulltrúa er sitja fundinn, í samræmi við 9. gr. samþykktar þessarar“.